



Lykilupplýsingar fyrir Verðbréfaleið

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og gerð í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Verðbréfaleið

Verðbréfaleið er fjárfestingarleið starfrækt af Lífeyrissjóð verzlunarmanna (kt. 4302694459, LEI: 549300LF1HWXJWL RVC93) (hér eftir nefndur „LV“), heimilisfang Kringlan 7, 103 Reykjavík, Ísland.

Nánari upplýsingar um afurðina er að finna á vef LV www.live.is. Einnig er hægt að óska eftir upplýsingum í síma 580 4000 eða með því að senda tölvupóst á live@live.is. LV er eftirlitsskyldur aðili og lítur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Lykilupplýsingar þessar eru réttar m.v. 31. desember 2024.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Afurðin er fjárfestingarleið fyrir séreignarsparnað í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Verðbréfaleið er fjárfestingarleið sem var opin fyrir nýjum sjóðfélögum fram til 1. júlí 2017. Sjóðfélögum sem eiga lífeyrissparnað í Verðbréfaleið er heimilt að flytja eign sína í Ævileið I, II eða III en ekki er heimilt að flytja eignir úr Ævileiðum yfir í Verðbréfaleið.

Verðbréfaleið er uppsöfnunarsjóður sem felur í sér að arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins er bætt við eignir sjóðsins og endurfjárfest. Engin lokadagsetning er á líftíma fjárfestingarleiðar.

Markmið

Markmið fjárfestingarleiðar er að ávaxta fjármuni sjóðfélaga með blönduðu safni verðbréfa. Verðbréfaleið horfir einkum til lengri tíma við ávöxtun fjármuna að teknu tilliti til áhættu. Markmið fjárfestingarleiðar er að skila góðri langtímaávöxtun með skilvirkri eignadreifingu.

Verðbréfaleiðin fylgir sömu fjárfestingarstefnu og sam eignardeild LV. Verðbréfaleið hefur heimild til að fjárfesta m.a. í hlutabréfum og skuldabréfum, bæði skráðum og óskráðum, hlutdeildarskírteinum sjóða, innlánnum og öðrum fjármálagerningum í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Heimilt er að fjárfesta bæði í innlendum og erlendum verðbréfum. Nánari útlistun á gildandi fjárfestingarstefnu er að finna á [vef sjóðsins](#).

Hver er áhættan og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir



Áhættuvísirinn er reiknaður samkvæmt leiðbeiningum frá Evrópska verðbréfa og markaðseftirlitinu (e.ESMA) og byggir á staðalfrávikum í mánaðarlegum sveiflum á ávöxtun fjárfestingarleiðar síðustu 10 ára

Áhættuvísir veitir leiðbeiningu um hverskonar áhætta felist í að fjárfesta í Verðbréfaleið miðað við aðrar fjárfestingarafurðir. Verðbréfaleið fellur í áhættuflokk 3 en gengi undirliggjandi verðbréfa er háð markaðsaðstæðum og geta tekið breytingum á skömmum tíma. Áhætta fjárfestingarleiðarinnar veltur bæði á ávöxtun undirliggjandi eigna sem og gjaldmiðlaáhættu vegna fjárfestingar í erlendum eignum. Í samræmi við það getur tapsáhætta og möguleikar til ávöxtunar verið töluverð.

Áhættuflokkunin byggir á sögulegum gögnum og þarf ekki að endurspegla framtíðaráhættusnið. Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum. Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð og fjárfestir getur tapað allri fjárfestingu í fjárfestingarleiðinni. Fjárfestir ber ekki ábyrgð á neinum viðbótarskuldbindingum vegna fjárfestingar í fjárfestingarleiðinni. Áhætta getur verið meiri en í flokki 3 þegar afurð er ekki haldið á því fjárfestingartímabili sem mælt er með.

Ráðlegging: Fjárfestingarleiðin hentar þeim sem stefna á að ávaxta séreignarsparnað sinn að lágmarki yfir 7 ára tímabil.



Árangurssviðsmynd Verðbréfaleiðar

Árleg fjárfesting 100.000 kr		Áætlaður eignarhaldstími	
		1 ár	7 ár
Álagssviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	61.945 -38,06%	503.354 -8,25%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	100.298 0,30%	871.280 5,47%
Hóflæg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	109.060 9,06%	995.853 8,82%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávöxtun á hverju ári	117.610 17,61%	1.136.611 12,15%
Uppsöfnuð fjárfest fjárhæð	Á hverju ári	100.000	700.000

Sviðsmyndir eru reiknaðar samkvæmt leiðbeiningum frá Evrópska verðbréfa og markaðseftirlitinu (e. ESMA) og byggir á staðal fráviki í mánaðarlegum sveiflum á ávöxtun fjárfestingarleiðar síðustu 10 ára.

Þessi tafla sýnir hvaða fjárhæð þú gætir fengið til baka miðað við mismunandi sviðsmyndir, að því gefnu að þú fjárfestir 100.000 krónum á ári. Sviðsmyndirnar sýna hver árangur fjárfestingar þinnar gæti orðið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra fjárfestingar-afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat á framtíðarárangri sem byggðar eru á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar gæti breyst en er ekki nákvæmur mælikvarði á árangur hennar. Það

sem þú færð veltur á markaðsaðstæðum og hve lengi þú heldur fjárfestingunni. Taflan sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til þess ef Verðbréfaleið getur ekki greitt þér. Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem hefur áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Hvað gerist ef Verðbréfaleið getur ekki greitt út?

Þú getur orðið fyrir fjárhagstjóni ef LV getur ekki greitt út séreignarsparnaðinn í heild eða hluta vegna óviðráðanlegra aðstæðna á fjármálamörkuðum. En það er stefna fjárfestingarleiðarinnar að stærsti hluti hennar sé í auðseljanlegum eignum. Tryggingasjóður innstæðueiganda og fjárfesta sem rekinn er skv. lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta ábyrgist ekki greiðslur úr fjárfestingarleiðinni.

Hver er kostnaðurinn?

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur Verðbréfaleiðar. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Kostnaður yfir tíma

Fjárfesting upp á 100.000 kr. á ári	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 7 ár
Heildarkostnaður	490 kr	3.978 kr
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)	0,47%	0,47%

Ofangreind tafla sýnir áhrif kostnaðar á fjárfestingu þína yfir mismunandi tíma miðað við ofangreindar forsendur.



Eftirfarandi er útlístan á þeim kostnaði sem fellur til við rekstur Verðbréfaleiðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Árleg áhrif kostnaðar ef þú selur eftir 7 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngukostnað	0%
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað	0%
Viðvarandi kostnaður sannreindur hvert ár		
Stjórnunargjöld og annar stjórnarsýslu- eða rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir að stýra fjárfestingum þínum. 0,14% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun sem byggir á raunkostnaði síðasta árs.	0,14%
Viðskiptakostnaður	0,33% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Þetta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	0,33%
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangurstengdar þóknanir	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð.	0%
<small>Lífeyrissjóður verzlunarmanna tekur ekki þóknun fyrir rekstur séreignaleiða sinna. Einungis er dreginn frá kostnaður sem er tilkominn vegna rekstrar séreignarleiddanna. Viðskiptakostnaður eignasafnsins er samsettur af þóknunum vegna kaupa og sölu verðbréfa, auk þess kostnaðar sem LV greiðir stýringaraðilum við fjárfestingar í sjóðum. Enginn kostnaður er tekinn fyrir að flytja inneign milli fjárfestingarleidda og til annarra vörsluaðila.</small>		

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími miðast út frá því að jafna út þær sveiflur í ávöxtun sem geta orðið á fjármálamörkuðum og hentar þeim sem stefna á að ávaxta séreignarsparnað sinn að lágmarki yfir 7 ára eignarhaldstíma.

Útgreiðslureglur

Séreign er laus til útborgunar þegar sjóðfélagi hefur náð 60 ára aldri. Til boða stendur að nýta séreignarsparnað til lækkunar á höfuðstól lána eða við kaup á fyrstu fasteign í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Tilgreind séreign er laus til útborgunar þegar sjóðfélagi hefur náð 67 ára aldri en hægt er að hefja töku fyrr eða frá 62 ára aldri en þá skulu greiðslur dreifast að lágmarki á þann tíma sem hann á eftir fram að 67 ára aldri. Hægt er að fá inneignina alla greidda út frá 62 ára aldri ef upphæð er undir eingreiðsluviðmiðum skv. skilyrðum í samþykktum LV. Hægt er að nýta tilgreinda séreign við kaup á fyrstu fasteign með ákveðnum skilyrðum. Séreign og tilgreind séreign getur verið greidd út við örorku eða andlát.

Við örorku er sjóðfélagi heimilt að fá eign sína greidda út að uppfylltum ákveðnum skilyrðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samþykka sjóðsins. Séreign greiðist til erfingja við andlát skv. lögum og samþykktum. Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara utan EES og EFTA, að Bandaríkjunum og Kanada undanskyldum, þegar þeir flytjast úr landi skv. 4. mgr. 19. gr. í lögum nr. 129/1997.

Uppsögn

Heimilt er að segja upp samningi með tveggja mánaða fyrirvara með tilkynningu til sjóðsins. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innistæðu. Óski réttshafi þess er heimilt að gera samning um flutning innistæðu eftir uppsögn til aðila, sem heimild hefur skv. lögum nr. 129/1997 til að taka við séreignarsparnaði og gera samning þar um. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur ekki heimild til að segja upp samningi gagnvart sjóðfélögum.

Hvernig ber ég fram kvörtun? Hægt er að hafa samband við ráðgjafa Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í síma 580 4000 eða senda tölvupóst á live@live.is

Aðrar upplýsingar sem skipta máli? Umsókn um útgreiðslu þarf að berast fyrir 20. dag þess mánaðar sem útgreiðsla á að hefjast. Greitt er úr séreignardeild síðasta virka dag hvers mánaðar og miðast inneign við nýjasta gengi sjóðsins. Engin lágmarksfjárfesting er í Verðbréfaleið.



Upplýsingagjöf vegna áhættu tengdri sjálfbærni

Um samþættingu áhættu tengdri sjálfbærni við fjárfestingarákvarðanir

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins, nr. (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR reglugerðin“ eða „SFDR“) varðar starfsemi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna skv. lögum nr. 25/2023 um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

SFDR reglugerðinni er ætlað að auka gagnsæi, tryggja samræmdar upplýsingar um hvernig aðilar á fjármála-markaði meta áhættu tengda sjálfbærni og hvernig taka eigi tillit til helstu neikvæðra áhrifa sjálfbærniþátta við fjárfestingarákvarðanir.

Samkvæmt 6. gr. SFDR reglugerðarinnar skulu aðilar á fjármálamarkaði upplýsa fjárfesta hvernig áhætta er felld inn í fjárfestingarákvarðanir áður en samningur um sér-eignarsparnað er gerður.

Á vef LV eru upplýsingar varðandi:

- i. samþættingu sjálfbærniáhættu í ákvarðanatökuferli fjárfestinga (gr. 3 í SFDR)
- ii. neikvæð áhrif fjárfestingaákvarðana á sjálfbærniþætti (e. Principal Adverse Impact on sustainability factors, PAI) (gr. 4 í SFDR)
- iii. samþættingu sjálfbærniáhættu í starfskjarastefnu (gr. 5 í SFDR)

Lífeyrissjóðurinn vinnur að mótun og innleiðingu stefnu um ábyrgar fjárfestingar og aðra þætti sem varða mat á sjálfbærniáhættu og samþættingu mats á sjálfbærniþáttum við fjárfestingarákvarðanir. Nánari upplýsingar verða veittar um það þegar fram líður.